



15. fundur íþróttta-, tómstunda- og lýðheilsunefndar
F26-08-072

Íþróttta-, tómstunda- og lýðheilsunefnd Fundargerð

Fundur haldinn þann 10.8.2026, 17:00 – 18:15. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður
Ritari: Pétur Arason
Fundinn sátu: Arnrún Bára Finnsdóttir aðalmaður
Arnór Guðjónsson aðalmaður
Ágústa Rós Ingibjörnsdóttir aðalmaður
Kristófer Kristjánsson varamaður fyrir Anton Haraldsson
Gestir: Katrín Benediktsdóttir

1. M26-08-470 - Kosning formanns og varaformanns ÍTL 2026-2030

Kolbrún Guðnadóttir bar upp þá tillögu að formaður ÍTL verði Kolbrún Guðnadóttir og varaformaður Arnrún Finnsdóttir. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

2. M26-08-469 - Erindisbréf ÍTL 2026-2030

Lagt fram til kynningar erindisbréf ÍTL sem nefndin samþykkir samhljóða.

4. M26-08-472 - Erindi vegna íþróttaviku Evrópu

Nefndin vísar afgreiðslu málsins til menningar-, tómstunda og íþróttafulltrúa Húnabyggðar.

5. M26-08-471 - Erindi frá knattspyrnudeild Hvatar

Nefndin tekur jákvætt í erindið og telur mikilvægt að mótuð verði framtíðarstefna um skipulag og starfsemi við Blönduósvöll og ákveður að halda áfram umræðu á næsta fundi nefndarinnar. Nefndin felur sveitarstjóra að láta taka út æfingasvæðið og meta þörf á aðgerðum.

Nefndin ákveður að fastur fundartími nefndarinnar sé síðasti þriðjudagur í mánuði kl. 15:00.